



Fimleikaþing 4. september 2021

Þingskjal nr. _____

**Tillaga frá Íþróttafélaginu Gerplu, varðandi samræmingar á verðlaunum á mótum.
Þing FSÍ haldið í Reykjavík 4. september 2021 samþykkir að samræma þurfi
viðurkenningarí 5. flokki og 4. flokki í hóp fimleikum og 4. og 5. þrepi í
áhalda fimleikum fyrir komandi tímabil.**

Greinargerð:

Í keppni í 4. og 5. þrepi í áhalda fimleikum eru einungis veittar viðurkenningar til þeirra er náð hafa ákveðnum stigafjölda í viðkomandi þrepi. Ekki er raðað í verðlaunasæti og birtast samanlögð stig ekki eftir röð í úrslitabjónustunni. Í 4. og 5. þrepi áhalda fimleikum er ekki keppt til Íslandsmeistaratitils né bikarmeistaratitils. Í hóp fimleikum 4. flokki og 5. flokki er keppt til verðlauna í samanlögðum stigum og veitt fyrir efstu þrjú sætin og fleiri sæti ef mörg lið eru að keppa þó einungis á fyrsta mótinu áður en liðum er skipt upp í deildir. Keppt er um Bikar- og Íslandsmeistaratitla í hóp fimleikum í öllum flokkum og veitt verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri deild. Stig liðanna raðast í röð í úrslitabjónustunni.

Þó svo keppendur í þrepum geti verið á öllum aldri eru flestir keppendur í 4. og 5. þrepi ungir að árum líkt og keppendur í 4. og 5. flokki í hóp fimleikum. Keppendur í 5. flokki eru í 3. bekk eða átta til níu ára og keppendur í 4. flokki eru í fjórða og fimmta bekk eða níu til ellefu ára.

Ítrekað í vetur hafa forráðamenn látið vita af slæmri upplifun barna vegna verðlauna í þessum ákveðnu flokkum í hóp fimleikum.

Í stefnu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga stendur að úrslit eigi ekki að skipta máli og allir fáij afna viðurkenningu til 10 ára aldurs. Við 11 ára aldur er leyfilegt að krýna Íslandsmeistara, jafnt einstaklinga sem lið.

Fyrir hönd Íþróttafélagsins Gerplu,
Olga Bjarnadóttir

Sent til:

Laganefndar Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar _____ nefndar